

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Fjarðabyggð.

*Eskifjörður – miðbær.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 10. ágúst 2020 deiliskipulagið Eskifjörður – miðbær.

Deiliskipulagið afmarkast frá sjó milli Strandgötu 42 og 44, í norður af Útkaupstaðarbraut að Túngötu og í vestur að Grjótá. Frá Grjótá ofan Fossgötu og ofanflóðavarna í Lambeyrará, ofan og austan Helgafells og Hátúns og vestan lóðar Strandgötu 64 til sjávar. Tillagan gerir meðal annars ráð fyrir að núverandi lóðir og lóðastærðir á svæðinu verði afmarkaðar ásamt því að gert er ráð fyrir ofanflóðavörnum í Lambeyrará.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 8. október 2020.*

**Jón Björn Hákonarson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2020